



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Meint gulandarvarp í Hrótey í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi

Unnið fyrir Vegagerðina

Þorleifur Eiríksson

Böðvar Þórisson

Umsjón
Kristján Kristjánsson
Vegagerðin á Ísafirði

Ágúst 2004

NV nr. 10-04

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

Sími: 4567005
Fax: 4567351

Kennitala: 610397-2209
Netfang: nave@nave.is
Heimasíða: <http://www.nave.is>

Samantekt

Í úrskurði Umhverfisstofnunar um stjórnsýslukæru Reynis Bergsveinssonar um úrskurð Skipulagsstofnunar um Djúpveg nr. 60 Eyrarhlíð – Hörtná er þess krafist að Vegagerðin athugi gulandarvarp í Hrótey í Mjóafirði, í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, til að draga úr áhrifum vegagerðar.

Vegagerðin bað Náttúrustofu Vestfjarða að sjá um téða athugun í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands. Eftir að Náttúrustofan hafði ráðfært sig við Náttúrufræðistofnun var farið í vettvangsferð í Hrótey og leitað að gulönd. Við þá leit fannst ekki gulönd, en nokkrar toppendur sáust og eitt hreiður toppandar fannst í Hrótey, á sama stað og gulönd átti að hafa verið með hreiður (sjá Viðhengi, Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2004). Kvenfuglar toppandar og gulandar eru líkir og er auðvelt að rugla þeim saman.

Stofnstærð gulandar er lítil, líklega um 300 varppör (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ævar Petersen 2000) og ólíklegt að hún verpi við þær aðstæður sem eru í Hrótey. Toppönd er aftur á móti algengur varpfugl á svæðinu og góð skilyrði fyrir hana í Hrótey.

Það er því talið líklegast að í þessu tilfelli hafi verið ruglað saman gulönd og toppönd og að meint gulandarvarp hafi í raun verið toppandarvarp. Þó að ekki sé hægt að útiloka gulandarvarp er þessi skýring svo sennileg að ekki er talin þörf á frekari athugunum.

Greinargerð

Tillaga að matsáætlun fyrir framkvæmdina Djúpvegur nr. 61: Eyrarhlíð-Hörtná, var lögð fram í mars 2002 (Vegagerðin og Náttúrustofa Vestfjarða. 2002) og Skipulagsstofnun úrskurðaði um tillöguna 6. maí 2002.

Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar (Kristján Kristjánsson o.fl. 2003) var auglýst 25. júlí 2003 og Skipulagsstofnun úrskurðaði um framkvæmdina 12. desember 2003.

Ráðuneytinu barst stjórnsýslukæra frá Reyni Bergsveinssyni dags. 21. janúar 2004 þar sem úrskurður Skipulagsstofnunar er kærður. Reynir nefnir þar m.a. að gulönd hafi verið með þrjú hreiður í Hrútey árið 2003.

Fuglaathuganir voru gerðar sérstaklega vegna vegagerðarinnar á árunum 1999-2002 (Böðvar Þórisson o.fl. 2003), en einnig stuðst við aðrar athuganir (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980). Í þessum athugunum kom ekkert fram sem bendir til að gulönd verpi í Hrútey eða þar í grennd, en líklegir varpstaðir í Mjóafirði eru í Laugardal, Heydal og Botnsdal. Gulendur hafa þó sést á vorin í botni Mjóafjarðar (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980). Stofnstærð gulandar er líklega um 300 varppör en þær tegundir sem eru undir 1000 einstaklingum eru á valista (Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ævar Petersen 2000).

Toppendur voru aftur á móti algengar á svæðinu og sáust m.a. í grennd við Hrútey (Böðvar Þórisson o.fl. 2003) og líklegt að þær verpi víða á svæðinu, enda nefnir Reynir Bergsveinsson toppönd í samtali við Þorleif Eiríksson í maí 2001, en nefndi ekki gulönd. Í vettvangsferð í Hrútey í júní 2001 var Reynir líka viðstaddur en nefnir ekki gulönd. Í athugasemdum frá 29. ágúst 2003 nefnir Reynir heldur ekki gulönd, en í viðbótarathugasemdum frá Reyni 30. október 2003 er gulönd merkt þrisvar inn á mynd af Hrútey, en engar skýringar gefnar. Það er svo ekki fyrr en í stjórnsýslukærunni að Reynir segir að gulönd hafi verið með þrjú hreiður í Hrútey vorið 2003.

Vegagerðin svaraði stjórnsýslukæru Reynis Bergsveinssonar með bréfi dagsettu 8. mars. Þar vitnar Vegagerðin í umfjöllun Náttúrustofu Vestfjarða um fuglalíf í Hrútey í umsögn um stjórnsýslukæurnar frá 12. febrúar 2004.

„Reynir nefnir að gulönd (3 hreiður), stökkönd (eitt hreiður) og rauðhöfðaönd (eitt hreiður) hafi verpt í Hrútey sumarið 2003.

*Svar: Gulendur og toppendur eru líkir fuglar eins og segir í fuglabókinni „Íslenskir fuglar, (bls. 110 og 112)“. Hreiðurstæði hennar eru klettur í árgiljum, árbakkar og hólmar (bls. 112, Ævar Petersen 1999). Það eru þrjár staðir í Mjóafirði sem eru líklegir fyrir varpóðul gulandar; **Laugardalur, Heydalur og Botnsdalur**. Hrútey er mjög ólíklegur staður en toppönd gæti verið þarna. Toppöndin er algeng víða um landið og sumarheimkynni hennar eru vollendissvæði, ár, vötn og út á sjó við t.d. eyjar (bls. 110, Ævar Petersen 1999). Stökkönd er algengur varpfugl hér á landi og fannst eitt hreiður í talningu NV 2001 (bls. 11, Böðvar Þórisson o.fl. 2003)“. Rauðhöfði er algengastur við Mývatn en fæðuskilyrði voru slæm þar sumarið 2003.*

Rauðhöfðinn sást því víðar um landið á varptíma en venja er. Varpstaðir rauðhöfða eru við vötn og mýrlendi (bls. 76 - 77, Ævar Petersen 1999)“.

Umhverfissráðuneytið óskaði í bréfi dagsett 27. janúar 2004, eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna stjórnarsýslukæru Reynis Bergsveinssonar. Þar segir m.a. *“Í ljósi þess að gulönd er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands telur Umhverfisstofnun rétt að leitað verði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Náttúrustofu Vestfjarða um áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf og þær viðbótarupplýsingar sem fram koma í kæru Reynis Bergsveinssonar”.*

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dagsett 18. mars 2004, segir: *“Fullyrðingar Reynis um varp gulandar (þriggja para) sumarið 2003 eru áhugaverðar en þurfa þó að mati stofnunarinnar frekari staðfestingar við. Gulönd er afar strjáll varpfugl hér á landi og verpur m.a. strjált við Djúp; ekki þó í eyjum þar heldur fyrst og fremst við ár. Séu upplýsingar Reynis réttar er það vissulega óvenjulegt að svo margar gulandarkollur verpi í nábyli á eyju. Að mati stofnunarinnar er þó ekki hægt að útiloka að um toppönd hafi verið að ræða en hún er algengur varpfugl við Djúp.”*

Þann 1. júlí 2004 var kveðinn upp úrskurður umhverfissráðuneytisins um stjórnarsýslukæru Reynis Bergsveinssonar um mat á umhverfisáhrifum Djúpveggar (61) Eyrarhlíð - Hörtná í Súðarvíkurhreppi. Þar er sagt *“Úrskurður Skipulagsstofnunar frá 12. desember 2003 um mat á umhverfisáhrifum Djúpveggar (61) - Eyrarhlíð, Hörtná í Súðarvíkurhreppi staðfestur með því skilyrði að framkvæmdaraðili standi fyrir athugun á því hvort gulönd verpi í Hrútey að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands áður en framkvæmdir hefjast svo draga megi úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á varpstaði hennar.”*

Vegagerðin bað í bréfi dagsett 8. júlí 2004, Náttúrustofu Vestfjarða að annast athaganir á gulandarvarpi í Hrútey í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrustofa Vestfjarða óskaði eftir því í bréfi til Náttúrufræðistofnunar Íslands, dagsettu 8. júlí 2004, að Náttúrufræðistofnun kæmi með tillögur um framkvæmd þessara athuganna á meintu gulandarvarpi í Hrútey.

Náttúrufræðistofnun Íslands óskaði þess í bréfi dagsettu 8. júlí 2004, að Náttúrustofu Vestfjarða væri falið að fara eins fljótt og unnt væri í vettvangsrannsókn á gulandarvarpi í Hrútey. Náttúrufræðistofnun Íslands benti á að gulönd verpur fremur seint og því líklegt að kollur væru enn á hreiðrum. Í framhaldi af vettvangskoðun Náttúrustofu Vestfjarða yrði tekin ákvörðun hvort þurfa þykir að fara í aðra skoðun næsta vor.

Náttúrustofa Vestfjarða gerði vettvangsathugun á fuglalífi út í Hrútey 10. júlí 2004, þar sem sérstaklega var leitað að gulönd. Engin gulönd fannst í Hrútey eða á sjónum í grend við eyjuna. Toppendur sáust við eyna og það fannst eitt hreiður (sjá Viðhengi, Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2004).

Það verður að teljast ólíklegt að gulönd verpi í Hrútey og mun líklegra að toppönd hafi verið tekin í misgripum fyrir gulönd en þetta eru mjög líkir fuglar eins og segir í fuglabókinni *“Íslenskir fuglar”* (Ævar Petersen 1998). Þó að ekki sé hægt að útiloka gulandarvarp er þessi skýring svo sennileg að ekki er talin þörf á frekari athugunum.

Heimildir:

Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir í Öfundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Fjölrit nr. 12. Líffræðistofnun Háskólans.

Böðvar Þórisson, Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson. 2003. Fuglalíf frá Mjóafirði yfir í Ísafjörð. Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 1-03.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ævar Petersen. 2000. Válisti 2 fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Kristján Kristjánsson, Gísli Eiríksson, Þorleifur Eiríksson, Böðvar Þórisson, Arnlín Óladóttir og Ragnar Edvardsson. 2003. Djúpvegur nr. 61. Eyrarhlíð – Hörtná í Súðavíkurhreppi. Mat á Umhverfissáhrifum. Vegagerðin.

Vegagerðin og Náttúrustofa Vestfjarða. 2002. Framkvæmdin: Djúpvegur (61) Eyri - Hörtná í Súðavíkurhreppi. Tillaga að matsáætlun Vegagerðin. Ísafirði mars 2002.

Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. 2004. Vettvangsatugun á fuglalífi í Hrútey í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi í júlí 2004. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 11-04.

Ævar Petersen. 1998. Íslenskir fuglar. Vaka-Helgafell hf.